

# Fundur myndlistarráðs

## Fundur nr. 1/2022

Mánudagur 22. ágúst kl.16:00

Gimli, Lækjargata 3  
101 Reykjavík

Mættir á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM, Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 16:00

Dagskrá:

### 1. Kynning á starfsemi myndlistarráðs

Auður, forstöðumaður KÍM og Ásdís Spanó nýr formaður kynna hlutverk myndlistarráðs og fara yfir helstu atriði.

### 2. Varaformaður valinn

Óljóst er hvernig varaformaður er valinn, en einn ráðsmanna hafði verið tilkynnt í skipunarbréfi frá ráðuneytinu að hann skuli vera varaformaður. Samkv. 10 gr. Myndlistarlaga er kveðið á að varaformaður skuli vera skipaður úr hópi ráðsmanna. Ákveðið var að kanna málið til að eyða óvissu.

### 3. Fjárhagsáætlun 2022 og samningur myndlistarráðs og Myndlistarmiðstöðvar (áður KÍM)

Fjárhagsáætlun yfirfarin með fyrirvara um seinni úthlutun á árinu. Það ræðst meðal annars af fjölda umsókna í seinni úthlutun 2022, en þegar þessi fundur er haldin eru umsóknirnar ekki taldar.

Samningur myndlistarráðs og Myndlistarmiðstöðvar (áður KÍM), yfirfarinn. Samningurinn er efnislega sá sami en launaliður hækkar í samræmi við samningsbundnar hækkanir. Auk þess er rekstrarkostnaður endurskoðaður og er nú 1% af heildarupphæð sjóðsins.

Sjá samning í fylgiskjali.

### 4. Myndlistarsjóður: seinni úthlutun 2022.

Tillaga að breytingum á matsnefndum var lögð fram. Hingað til hafa ráðsmenn fyrir utan formann skipts á að sitja í matsnefndum, tveir úr ráðinu og fjórir gestir hafa verið fengnir við hverja úthlutun.

Lagt er til að allir ráðsmenn sitji í matsnefndum við hverja úthlutun og aðeins tveir gestir. Það gefur ráðinu frekari yfirsýn og þróun verkefna heilt yfir. Auk þess yrði gott fyrir ráðið að hafa góða yfirsýn yfir verklag við matsnefndarstörf til að þróa áfram faglega verkferla.

Ákveðið var að fjórir ráðsmenn myndu sitja í þessari seinni úthlutun 2022. Þar sem þetta er nýtt myndlistarráð og nauðsynlegt að allir ráðsmenn fái að kynna meðferð umsóknargagna og vinnufyrirkomulagi matsnefnda. Í næstu úthlutun 2023 verður fyrirkomulagið endurskoðað.

Skipting matsnefnda.

Hlynur og Katrín sitja í matsnefnd fyrir flokk sýningarverkefna auk eins gests.

Margrét Elísabet og Anna sitja í matsnefnd fyrir flokkana: Aðrir styrkir, útg.- rannsókn og undirbúningsstyrkja, auk eins gests.

Þar sem þessi fyrsti fundur myndlistarráðs var á sama tíma og umsóknarfrestur í myndlistarsjóð, voru endanlegar tölur umsókna ekki komnar á hreint. Klara mun senda tillögu að skiptingu umsókna ásamt skiptingu fyrri úthlutana til viðmiðunar í tölvupósti til samþykktar. Úthlutað verður að þessu sinni 46.800.000 kr.

## 5. Önnur mál

Rætt var um að hægt væri að kalla til varamenn myndlistarráðs til setu í matsnefndum ef ráðsmenn ættu erfitt með það sökum anna.

Fundi slitið 17:15